við frv. til fjárlaga fyrir árið 1926.

I. Frá *fjármálaráðherra.*

1. Við 5. gr. 3. Nýr liður:
Úr viðlagasjóði, til jafnaðar við eftirgjafir lána 37666,67

2. a. Við 12. gr. 1.
Fyrir »285000« kemur 287000
og aftan við komi svofeld athugasemd:
Þar af viðbót við lögmælt laun núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði 1700 kr. með verðstuðulsuppbót.

b. Við 12. gr. 5. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði):
Liðurinn falli burt.

II. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 12. gr. 6. a. (Augnlækningar):
Liðinn skal orða svo:
Styrkur til Guðmundar Guðfinnssonar, augnlæknis í Reykjavík... 1000

III. Frá *dóms- og kirkjumálaráðherra.*

Við 12. gr. 17. a. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi... 100000

IV. Frá *Eggert Pálssyni.*

Við 13. gr. B. X. (Bifreiðaferðir):
Fyrir »2000« kemur 3000

V. Frá *Sigurði Eggerz* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 13. gr. D. IV. 4.
Síðari málslið athugasemdarinnar skal orða svo:
Ennfremur er henni falið að leita samninga um skeytasamband við umheiminn, frá þeim tíma, er einkaleyfi Mikla norræna ritsimafjelagsins er lokið, enda taki Alþingi fullnaðarályktun um málið.

VI. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 14. gr. B. V. b. 7. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni mötuneytis skólans, enda verði búsáhöld mötuneytisins eign hans 3000

VII. Frá *mentamálanefnd.*

Við 14. gr. B. VIII. 2. Nýr liður:
a. Breyting og aðgerð á Staðarfellshúsinu 1800

b. Eldavjel, sem er um leið miðstöð fyrir alt húsið 3000
c. Rekstrarstyrkur til húsmæðraskóla á Staðarfelli, enda samþykki atvinnumálaráðherra reglugerð skólans 3000

VIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. IX. c. Nýr liður:
Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs náms erlendis 4000
Af fje þessu skal Jón Gunnarsson frá Blöndubakka fá 1000 kr. til að ljúka vegfræðinámi.

IX. Frá *Sigurði Eggerz.*
Við 14. gr. B. XIII. 5. Nýr liður:
Til fræðslumálarits... 800

X. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni b/f Hvítárbakka, enda verði Hvítárbakkaskóli áfram hjeraðseign 18666,66

XI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
1. Við 14. gr. B. XIV. 4. Liðinn skal orða svo:
Til að reisa nýjan hjeraðsskóla í Árnes- eða Rangárvallasýslu, alt að 2/5 kostnaðar... 20000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ein eða fleiri sýslur taki þátt í stofnun og rekstri skólans, enda verði skólinn hjeraðseign. Skólastaður, áætlun og teikning skal vera samþykt af stjórnarráðinu í samráði við húsameistara og landlækni.
2. Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Ferðastyrkur til tveggja manna, til þess að sækja norræna kennaraþingið í Helsingfors og flytja þar fyrirlestra af Íslendinga hálfu 1200

XII. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 42. Nýr liður:
Til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara 1200
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að hann kenni alt að 6 mönnum á ári, sem heima eiga utan Reykjavíkur, að leika á fiðlu, og skulu kennaraefni sitja fyrir, er hann tekur nýja nemendur.

XIII. Frá *Eggert Pálssyni.*
Við 16. gr. 2. (Sandgræðsla):
Fyrir »18000« kemur 23000

XIV. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 16. gr. 18. Nýr liður:

Eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu, enda kosti hreppurinn aðgerð og viðhald á brimbrjótnum í Bolungarvík 16000

XV. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 16. gr. 21. Liðinn skal orða svo:

Til fiskifulltrúa á Spáni, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að 6000

XVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

1. Við 16. gr. 32. (Þór):

Fyrir »35000« kemur 40000

2. Við 16. gr. 41. Nýr liður:

Til að gera kostnaðaráætlun um vatnsveitu í Vestmannaeyjum og til að standast kostnað við undirbúning þess verks, $^{2}/_{3}$ kostnaðar, alt að 9000

XVII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 17. gr. 10. (Stórstúka Íslands).

Fyrir »6000« kemur 8000

XVIII. Frá *Sigurði Jónssyni.*

Við 18. gr. II. i. 3. Nýr liður:

Til Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500

XIX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 22. gr. 7. (Lán Kristjáns Linnets):

Á eftir orðinu »embættisbústað« komi: gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XX. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 25. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 100000 kr. lán til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavík, gegn öðrum veðrjetti í húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á fyrsta veðrjetti. Ábyrgðin nær ekki nema til $^{1}/_{3}$ byggingarkostnaðar. (Endurveiting).

XXI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 25. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 100 þús. kr. lán fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu, til rafmagnsveitu (endurveiting sbr. fjárlög 1924), gegn þeim tryggingum af hálfu hreppsins, er stjórnin metur gildar.

XXII. Frá *mentamálanefnd.*

Við 25. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 15 þús. króna lán til forstöðukonu húsmæðraskóla á Staðarfelli, til að kaupa áhöfn á skólajörðina, gegn endurtryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

XXIII. Frá *Halldóri Steinssyni* og *Eggert Pálssyni.*

Við 25. gr. III. Nýr liður:

Að ábyrgjast alt að 30 þús. kr. lán fyrir Halldóru Bjarnadóttur, til þess að koma á fót verslun með heimilisiðnaðarvörur, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

XXIV. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 25. gr. Greinin (I.—III.) falli burt.